

Jafnlaunastefna Brákarhlíðar

Jafnlaunastefna Brákarhlíðar (kt. 430371-0109) er órjúfanlegur hluti af launastefnu og gildir fyrir allt starfsfólk Brákarhlíðar. Jafnlaunastefnan skal uppfylla viðeigandi viðmið um jafnlaunastefnur í samræmi við ÍST 85:2012, kafla 4.2. Brákarhlíð fylgir ákvæðum laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki Brákarhlíðar þau réttindi sem koma fram í 6. gr. laganna.

Brákarhlíð greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um menntun/þekkingu, hæfni og ábyrgð. Það er stefna Brákarhlíðar að allt starfsfólk njóti jafna launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafn verðmæt störf, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá Brákarhlíð. Um skilgreiningu á launum og kjörum er vísað til 9. og 10. mgr. 2. gr. fyrrnefndra laga. Brákarhlíð fylgir öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma. Launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar og vel rökstuddar.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Brákarhlíð sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST85:2012 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Brákarhlíð hefur innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Umsjónarmaður jafnlaunakerfisins ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Brákarhlíðar og sér til þess að kerfið sé skjalfest, innleitt og stöðugt uppfært. Allir stjórnendur eru skuldbundnir til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frábrigðum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.

Jafnlaunastefna var samþykkt af framkvæmdastjóra 17.8.2023